



**Endurskoðun á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.**

**Byggðaráð leggur til eftirfarandi breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.**

**IV. kafli**

**Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna**

**8. gr. Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna**

**Núgildandi málsgrein**

8. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 60% af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Fjárhæð styrks skal þó aldrei nema hærri upphæð en 20.000 kr. á mánuði. Lágmarksgreiðsla foreldra eða forsjáraðila skal vera 10.000 kr. á mánuði. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3.-5. gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna

**Þessar breytingar á 8. gr. eru lagðar til:**

8. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist **námsgörðum eða eftir atvikum annað húsnæði** hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila **og nemur 60% af leigufjárhæð**. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Fjárhæð styrks skal vera 50.000 kr. á mánuði, þó aldrei hærri en sem nemur leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3.-5. gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna